



**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Til aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogi 10. desember 2012

Varðar: Tillögu aðildarsveitarfélaga SSH vegna reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á árinu 2013, skiptingu kostnaðar og mótun eigendastefnu og samstarfssamnings vegna reksturs skíðasvæðanna.

Á fundi stjórnar SSH hinn 10. desember 2012 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggur til eftirfarandi við samstarfssveitarfélögin varðandi rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins:

Á árinu 2013 verði miðað við að rekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum verði með svipuðu sniði árið 2012, og að Skálafell verði opið um helgar, sbr. fyrirbyggjandi tillögu stjórnar skíðasvæðanna þar um.

Á árinu 2013 fari um stjórnun, fjármál og starfsmannamál samkvæmt því sem segir í gr. 1., 2. og 4. í núgildandi samningi dags. 21. júlí 2008.

Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga vegna reksturs taki mið af íbúafjölda í sveitarfélögunum 1. des. 2012.

Á árinu 2013 vinni framtíðarhópur SSH að mótun tillagna um framtíðarform á reksturs og stjórnunar skíðasvæðanna, og jafnframt verði gerð ný samþykkt fyrir stjórn skíðasvæðanna.

Nýr samningur milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna taki síðan gildi frá og með 1. janúar 2014."

Ofangreind tillaga stjórnar SSH byggist á fyrirbyggjandi rekstrartillögu stjórnar skíðasvæðanna og neðangreindri skiptingu rekstrarframlaga á milli aðildarsveitarfélaganna:



**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Sveitarfélag		Rekstrar-framlag
Reykjavík	58,5%	81.456
Kópavogur	15,3%	21.353
Seltjarnarnes	2,1%	2.951
Garðabær	6,7%	9.382
Hafnarfjörður	13,0%	18.127
Mosfellsbær	4,3%	6.050
Samtals	100,0%	<u>139.319</u>

Jafnframt leggur stjórn SSH að fyrirbyggjandi áætlun um stofnkostnað vegna reksturs skíðasvæðanna upp á 50 m. króna verði tekin til frekari skoðunar og metið hvort, og að hve miklu leyti er hægt að finna henni rúm innan fyrirbyggjandi fjárhagsáætlana aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2013.

Ofangreindri tillögu stjórnar SSH er hér með komið á framfæri við aðildarsveitarfélögin

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar SSH

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH